

31  
4. júní

## L Ö G

um

breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Á eftir 3. málsgrein 12. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningu nefnda, ef að minsta kosti 3 bæjarfulltrúar krefjast þess.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*